

Reykjavík, 6. júní 2012

Niðurstöður athugunar á ákveðnum þáttum í starfsemi Auðar Capital hf.

Fjármálaeftirlitið gerði athugun á ákveðnum þáttum í starfsemi Auðar Capital hf. á grundvelli heimildar í 9. gr. laga nr. 87/1998. Fjármálaeftirlitið aflaði upplýsinga og gagna í tengslum við athugunina á tímabilinu ágúst 2011 til janúar 2012. Í kjölfar athugunarinnar var Auði Capital hf. sent bréf þar sem fram komu athugasemdir og ábendingar Fjármálaeftirlitsins og kröfur um úrbætur. Auði Capital hf. var gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum og andmælum á framfæri. Í endanlegu bréfi til Auðar Capital hf., dags. 18. maí 2012 var tekið tillit til þeirra andmæla sem tilefni þótti til.

Niðurstöður Fjármálaeftirlitsins eru byggðar á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina og miðast þær við stöðu mála á þeim tíma sem athugunin fór fram. Á grundvelli 9. gr. a í lögum nr. 87/1998 birtir Fjármálaeftirlitið hér með niðurstöðu athugunarinnar.

Gerð var athugasemd við að árlegt árangursmat stjórnar er ekki skráð og skjalfest með formlegum hætti í fundargerðir stjórnar með það að leiðarljósi að stjórnarháttayfirlýsing gefi rétta mynd af starfsemi félagsins í samræmi við 19. gr. laga nr. 161/2002 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti.

Fjármálaeftirlitið mun birta nýja gagnsæistilkynningu á vefsíðu stofnunarinnar þegar skýrsla Auðar Capital um úrbætur liggur fyrir.